

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar 98. stjórnarfundur haldinn 1. júní 2016 Hótel Klaustri Kirkjubæjarklaustri	Síða 1 af 2
Dags. fundar 1. júní 2016	Tími 10:30	Nr. Fundar 98
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 01.06.16
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Snorri Ingimarsson, Sigmundur Einarsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Guðrún Jónsdóttir, Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri.		
Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll: Guðmundur Hörður Guðmundsson og Björn Ingi Jónsson		

Dagskrá:

1. Samþykki dagskrár
2. Fundargerðir svæðisráða
3. Fjármál:
Drög að ársreikningi 2015
4. Rekstur 2016
 - í Skaftafelli - kynning
 - á hálendi – kynning
 - Möðrudalur - kynning
5. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri
6. Helstu framkvæmdir 2016
- 7.Lög Vatnajökulsþjóðgarðs - staða
- 8.Viðræður við ferðafélög
- 9.UNESCO - kynning/staða
- 10.Önnur mál
 - Erindi frá Skaftárhreppi vegna landvörslu
 - Ferð í Vonarskarð
 - Jökulsárlón
 - Þverá
 - Gjaldtaka á Bílastæðum
 - Vatnajökulsþjóðgarður - framtíðarsýn
- 11.Næsti stjórnarfundur

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna..

Dagskrá:

1. Samþykki dagskrár.

Dagskrá lögð fram og samþykkt án athugasemda

2. Fundargerðir svæðisráða

Formaður svæðisráðs á norðursvæði ræddi að skýra þurfi línur í tengslum við skipulagsferli innan þjóðgarðsins, hlutverk svæðisráða í því og frumkvæði að skipulagsvinnu. Framkvæmdastjóra falið að taka saman ramma um verkferli skipulagsmála innan þjóðgarðsins og samráðsferli því samfara, og kynna stjórn og síðan svæðisráðum.

Fundarhlé kl. 11:15. Farið í skoðunarferð að Þverá í tengslum við lið 10 og byggingar og landkostir skoðaðir. Jafnframt farið að Sönghól í tengslum við lið 5.

Fundi framhaldið kl. 14:00

3. Fjármál: Drög að ársreikningi 2015

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir drögum að ársreikningi fyrir árið 2015.

4. Rekstur 2016

- Skaftafelli: Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fyrirkomulagi varðandi rekstur á veitingaþjónustu í Skaftafelli á komandi sumri. Framkvæmdastjóri ræddi einnig húsnæðiseklu hvað varðar Skaftafell, þar sem starfsmönnum hefur fjölgað vegna vaxandi ferðamannaumferðar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda erindi til skipulagsnefnda í Mývatnssveit, Norðurþingi, Skaftárhreppi og Sveitarfélagsins Hornafjarðar, varðandi íbúðarlóðir til uppbyggingar starfsmannaíbúða fyrir þjóðgarðinn.

- Á hálendi: Orrí Páll Jóhannsson og Kári Kristjánsson starfsmenn þjóðgarðsins sátu fundinn undir þessum lið. Orrí gerði grein fyrir fyrirkomulagi landvörslu á Tungnaáröræfum á komandi sumri.

- Möðrudalur - Lögð fram drög að samningi við Fjalldýrð í Möðrudal. Stjórn samþykkir samninginn, með fyrirvara um álit lögfræðings ráðuneytisins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka samningi um aðstöðu fyrir starfsmann í Möðrudal.

5. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri.

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

Lagðar fram þrjár frumkostnaðaráætlanir varðandi byggingar við gestastofu á

Kirkjubæjarklaustri: Gestastofa við Sönghól, gestastofa við Sönghól án brúar og gestastofa við Meðallandsveg. Stjórn tekur undir álit sveitarstjórnar Skaftárhrepps frá 396. fundi þann 14.maí 2016 og samþykkir byggingu gestastofu við Sönghól.

6. Helstu framkvæmdir 2016

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu framkvæmdir á komandi sumri.

7. Lög Vatnajökulsþjóðgarðs. Lagafrumvarpinu hefur verið frestað til haustsins. Formanni, varaformanni og formönnum svæðisráðar er falið að taka saman skriflegt álit stjórnar og senda umhverfisnefnd alþingis.

8. Viðræður við ferðafélög. Formaður gerði grein fyrir stöðunni í samningaviðræðum og lagði fram drög að samningi við Ferðafélag Akureyrar vegna samstarfs í Dreka annars vegar og hins vegar Ferðafélag Fljótsdalshérað og Ferðafélag Húsavíkur vegna samstarfs í Kverkfjöllum.

9. UNESCO - kynning/staða

Formaður gerði grein fyrir fundarferð undirbúningshóps vegna UNESCO tilnefningar með sveitarstjórnnum sem eiga aðild að þjóðgarðinum. Næsta skref er að ráðuneytið mun senda formlegt erindi til sveitastjórna þar sem óskað er eftir samþykki þeirra fyrir tilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO.

10. Önnur mál

-Erindi frá Skaftárhreppi vegna landvörslu:

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað frá Lex lögmannsstofu: Tillaga að aðkomu Vatnajökulsþjóðgarðs að starfi landvarðar á láglandi í Skaftárhreppi, dags. 31.maí 2016. Stjórn ákveður að ganga til samninga við Skaftárhrepp um sameiginlega umsjón með vernduðum svæðum utan þjóðgarðs, enda sé þess gætt í samningi að fjárhagsleg ábyrgð liggja að öllu leyti hjá Skaftárhreppi.

-Ferð í Vonarskarð:

Stjórn stefnir að ferð í Vonaskarð þriðjudaginn 9.ágúst 2016. Mæting í Hrauneyjar að kvöldi 8.ágúst.

-Jökulsárlón – frestað

-Þverá.

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

Skoðunarferð var farin um jörðina Þverá vegna hugmynda um að jörðin verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Stjórn telur það ótvíræðan kost fyrir þjóðgarðinn að jörðin yrði hluti af þjóðgarðinum.

-Gjaldtaka á bílastæðum.

Framkvæmdastjóri gerði grein lausn Myparking.is fyrir greiðslu fyrir bílastæði. Sett verður upp til prufu í Skaftafelli búnaður án gjaldtöku til að skoða hvernig og hvort búnaðurinn nýtist.

-Vatnajökulsþjóðgarður – framtíðarsýn

Formaður ræddi vinnu stjórnar við framtíðarsýn varðandi uppbyggingu þjóðgarðsins, þróun hverrar starfsstöðvar, fasta skrifstofu þjóðgarðsins, uppbyggingu tækjakosts, upplýsingamál þjóðgarðsins. Stjórn stefnir að tveggja daga fundi í september í þessa vinnu.

11.Næsti stjórnarfundur

Næsti fundur stjórnarfundur verður ferð 9.ágúst 2016 í Vonarskarði.

Fundi slitið kl. 17:00

Verkefni ákveðin á fundinum:

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			
4			
5			
6			